

Bæjarlistamaður Fjallabyggðar 17. mars 2022

Ágæta menningarmálanefnd Fjallabyggðar, bæjarstjóri og gestir.

Ég þakka innilega fyrir þann heiður sem mér er sýndur með bæjarlistamannstitlinum fyrir árið 2022.

Það var fyrir 11 árum að ég dvaldi í þrjár vikur í Herhúsinu á Siglufirði í brjálaðri stórhrið nær allan tímann, svo mikilli að ég varð að moka mig út úr húsinu ef ég þurfti að erinda í bænum og moka mig aftur inn í húsið að klukkustund liðinni.

Þá hafði ég ekki dvalið á Siglufirði, mínum heimabæ þar sem ég er fædd og uppalin, í meira en einn til tvo daga af og til á undangengnum 25 árum. Þrátt fyrir það var Siglufjörður og mannlífið þar ávallt í huga mínum og listsköpun.

Ég fann fyrir miklum söknuði þegar ég dvaldi í Herhúsinu vegna fjarverunnar öll þessi ár og ákvað að koma heim með hluta starfsemi minnar.

Ég hafði þó ekki farið langt að heiman, aðeins í Eyjafjörðinn þar sem ég nam myndlist og Akureyringar gerðu mér kleyft að stunda listina alla daga.

Þar tók ég virkan þátt í uppbyggingu Listagilsins svokallaða og með því starfi sköpuðust tengsl við listamenn og listáhugafólk víðsvegar um heiminn. Akureyrarbær áttaði sig á mikilvægi lista í samfélaginu og gekk jafnfætis listamönnum og sjálfboðaliðum í þeirri uppbyggingu.

Árið 2000 hlaut ég bæjarlistamannstitilinn á Akureyri, og fylgdi ég því eftir með stórri sýningu í öllu Listagilinu.

Sama ár hóf ég þátttöku í Dieter Roth akademíunni sem virkaði fyrir mig svipað og Mastersnám í myndlist. Sú vegferð leiddi mig til dvalar og sýningarhalds erlendis. Alla tíð frá árinu 2000 hef ég dvalið erlendis í september og febrúar ár hvert við vinnu og tengslamyndun. Ég er einmitt nýkomin heim frá Amsterdam í Hollandi og mun dvelja í Árósum í Danmörku í september við listsköpun á listasafninu Aros. Um þessar mundir er ég að taka þátt í samsýningu á Listasafninu á Akureyri og mun setja upp mína árlegu desembersýningu í Kompunni. En ef allt fer að

Óskum mun ég setja upp stóra einkasýningu í Ráðhússal Siglufjarðar í júlí.

Það er mikilvægt hverjum listamanni að ögra sjálfum sér og víkka sjóndeildarhringinn um leið og vinnufriður og tækifæri til sýningarhalds bjóðast.

Ég er ein af þeim listamönnum sem vinna ötullega að listinni. Ég hef sett upp meira en 200 einkasýningar í 14 löndum og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum og listatengdum verkefnum. Hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir verkin mín og selt á opinbera staði á Íslandi og til ýmisa listaverkasafnara víða um heim.

Mesta athygli hafa vakið þau tvö stóru verkefni sem ég setti upp í tilefni af fertugs afmæli mínu og fimmtugs. 40 sýningar á 40 dögum og Réttardagur 50 sýninga röð.

Og nú síðustu 10 ár hefur starf mitt í Alpýðuhúsinu á Siglufirði rækilega minnt á hvað einstaklingsframtakið í listum getur velt stóru hlassi.

Um leið og listalífið blómstrar á einum stað eflist annað og svo koll af kolli. Samverkandi áhrif um alla Fjallabyggð.

Fjallabyggð, og sér í lagi Siglufjörður, á sér mikla menningarsögu. Hún kristallast í Síldarminjasafninu sem hefur gefið tóninn fyrir setur, söfn og gallerí til að halda úti metnaðarfullu menningarstarfi.

Nú er svo komið að Fjallabyggð er umtöluð menningarbyggð sem ferðamenn heimsækja með þá vitneskju að þar sé gengið að áhugaverðum listviðburðum og annarri menningu.

Álíka fjöldi safna, setra og gallería fyrirfinnst varla í eins smáum samfélögum, og fjöldi menntaðra og starfandi listamanna er einsdæmi. Þar má meðal annars þakka kraftmiklu sjálfboðaliðastarfi listamanna, stuðningi SSNE og menningarsjóði Fjallabyggðar sem styðja við menningarstarfið ár hvert.

Nú þegar meðbyrinn er svo mikill er tilvalið að koma í dagsljósið listaverkum úr Listaverkasafni Fjallabyggðar sem hefur að geyma mikil meistaraverk.

Þrátt fyrir fjölda gallería og sýningarstaða sem flest eru rekin í sjálfboðavinnu höfum við ekki frambærilegan sýningarsal til að svo geti orðið.

Lengi hefur verið rætt um endurbætur á sal á miðhæð Ráðhúss Siglufjarðar sem hugsanlegt rými fyrir stærri sýningar, og hefur reyndar verið notaður sem slíkur í gegnum árin.

Er það álit listamanna í bænum að með litlum lagfæringum væri hægt að gera salinn þannig úr garði að hægt væri að notast við hann þar til frekari ákvarðanir væru teknar um endanlega aðstöðu til sýninga úr listaverkasafninu.

Með þeim lagfæringum sem stungið hefur verið uppá, mun skapast heildstætt fjölnota rými.

Er það von mín að Fjallabyggð sjái ávinninginn í þeim lagfæringum, samfélaginu öllu til góða, og opni þar með á möguleika á að njóta og upplifa safneignina og aðrar myndlistasýningar sem hugsanlega banka upp á, eins og sýningu Bæjarlistamanns.

Líkt og Akureyringar gerðu mér kleift með velvilja sínum að starfa nær eingöngu við listsköpun hafa íbúar Fjallabyggðar stutt mig með ráðum og dáð undanfarin 10 ár.

Það er varla að ég gangi út í bæ án þess að vingjarnleg hönd eða uppörvandi bros með þakklæti sé beint að mér. Að vita að bæjarbúar kunna að meta framlag mitt til samfélagsins og fylgjast með því sem ég er að bralla er ómetanlegt.

Takk fyrir mig

Aðalheiður S. Eysteinsdóttir